



Fundargerð

Aðalfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

haldinn miðvikudaginn 13. maí 2026 kl. 14:00

Í húsnæði Háskóla Íslands, Odda 101 og á Teams

Dagskrá fundarins var samkvæmt 4. gr. laga félagsins:

1. Lögð fram ársskýrsla stjórnar.
2. Lagður fram ársreikningur, gerður af löggildum endurskoðanda og yfirfarinn og áritaður af skoðunarmönnum.
3. Tillögur um lagabreytingar, ef fram koma.
4. Ákveðið félagsgjald sbr. 6. gr. (+ framlag í Kjaradeilusjóð)
5. Niðurstöður stjórnarkjörs kynntar, sbr. 9. gr.
6. Kosin kjörnefnd sbr. 9. gr.
7. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
8. Önnur mál.

1. Fundarsetning, kjör fundarstjóra og ritara

Sigrún Ólafsdóttir, formaður FPR, setti fundinn kl. 14.00 og bauð fundarfólk velkomið. Hún lagði til að Þórarinn Guðjónsson, prófessor, yrði fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða. Þá var lagt til að Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, framkvæmdastjóri FPR, yrði ritari fundarins og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri fór yfir fyrirkomulag fundarins og upplýsti að fundurinn yrði tekinn upp eingöngu til að auðvelda vinnslu fundargerðar.

Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan og löglega boðaðan. Fram kom að fundarboð var sent félagsfólki 4. mars 2026 ásamt dagskrá aðalfundar og upplýsingum um framboðsfrest til 1. apríl. Minnt var á framboðsfrestinn með tölvupósti 24. mars. Fundargögn voru send út 6. maí, þar á meðal ítarleg dagskrá, upplýsingar um framboð og tillögur um félagsgjald og Kjaradeilusjóð. Skýrsla stjórnar og ársreikningur voru send 7. maí.

2. Lögð fram ársskýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Sigrúnu Ólafsdóttur, formanni FPR, orðið til að kynna ársskýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2025–2026.

Í kynningunni var farið yfir helstu verkefni félagsins á starfsárinu. Sérstaklega var fjallað um mál tengd Fjársýslu ríkisins vegna ofgreiðslu til verulegs hluta félagsfólks. Fram kom að stjórn hefði ítrekað leitað upplýsinga án fullnægjandi árangurs, fengið lögfræðiráðgjöf og væri að vinna að kvörtun til umboðsmanns Alþingis, þar sem áhersla væri lögð á að gera athugasemdir við málsmeðferð og vinnubrögð Fjársýslu ríkisins. Þá kom fram að möguleiki á lögsókn væri til staðar innan fjögurra ára.

Fjallað var um nýjan Greiningarsjóð háskólafélaganna, markmið hans og starfsemi. Markmið sjóðsins er að vinna greiningar á högum háskólamenntaðra sérfræðinga og akademísku starfsfólks, auk tölulegra undirstöðuverkefna í þágu háskólafélags. Fram kom að sjóðurinn hefði verið stofnaður í samstarfi FPR, Félags háskólakennara og Félags háskólakennara á Akureyri, og að Halldór Valgeirsson hefði starfað hjá sjóðnum frá 1. desember 2025.

Formaður gerði grein fyrir vinnu við að skoða möguleika á sameiningu akademísku starfsfólks, í kjölfar ályktunar aðalfundar FPR 2025 þar sem stjórn var falið að kanna slíka möguleika. Fram kom að samtöl hefðu átt sér stað við Félag háskólakennara og FHA, og að enn væru til skoðunar ýmis lagaleg og praktísk álitæfni varðandi mögulega útfærslu. Í umræðum var lögð áhersla á félagafrelsi, mikilvægi góðs samtals við önnur félög og að sameiningarvinna þyrfti að ganga hratt og vandað fyrir sig í aðdraganda kjaraviðræðna 2028.

Kynntar voru niðurstöður úr nánari skoðun á viðhorfum akademísku starfsfólks. Fram kom að algengast væri meðal allra hópa akademísku starfsfólks að vilja vera í stéttarfélagi eingöngu fyrir akademískt starfsfólk.

Þá var fjallað um starfsaðstæður akademísku starfsfólks, sem samkvæmt kynningu stjórnar hafa almennt farið versnandi. Þar var m.a. vísað til krafna í rannsóknarmisserum, áherslu á akademískt starfsfólk í sparnaðaraðgerðum, fæðisfjár og mótuneytismála, auk Sáttmálasjóðs. Í umræðum kom fram að niðurlagning Sáttmálasjóðs hefði aukið álag á Starfsþróunarsjóð prófessora og gæti til lengri tíma kallað á breytingar á úthlutunarreglum ef sambærilegur stuðningur yrði ekki tryggður.

Formaður fjallaði jafnframt um vinnu nefndar um álag á akademískt starfsfólk vegna kennslu. Fram kom að FPR og Félag háskólakennara teldu ekki forsendur til að draga úr kennslu vegna álags á meðan ekki væri jafnt greitt fyrir sambærilega kennslu milli sviða, deilda og jafnvel innan námsbrauta. Álit nefndarinnar hefði verið skilað til rektors og háskólaráðs og málið yrði unnið áfram í samráðsnefnd með fulltrúum FPR og Fh.

Í skýrslu stjórnar var einnig fjallað um Ritlauna- og rannsóknarsjóð prófessora. Fram kom að stjórn sjóðsins hefði verið skipuð 17. febrúar 2026 fyrir tímabilið 2026–2029. Í stjórninni sitja Guðmundur R. Jónsson sem formaður stjórnar fyrir hönd samstarfsnets ríkisháskólanna,

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Guðný Björk Eydal sem aðalmaður fyrir hönd FPR, með Zophonías Odd Jónsson sem varamann. Helstu verkefni tengd sjóðnum eru könnun meðal félagsfólks, lagaálit um hver geti breytt reglum sjóðsins og greining á áhrifum mögulegrar sameiningar akademíks starfsfólks á reglur og framtíð sjóðsins.

Einnig var farið yfir starf í samráðsnefndum háskólanna, fundi með félagsfólki, fundi með nýju félagsfólki á íslensku og ensku, fundi á Akureyri, óformlega spjallfundi, jólaboð emeríta, kynningar á niðurstöðum könnunar um sameiningu og fundi með Fjársýslunni vegna ofgreiddra launa. Sérstaklega var nefnt að aukið hlutfall erlends starfsfólks kallaði á skýrara upplýsingaflæði, m.a. um séríslensk réttindi og sjóði.

Í lok kynningarinnar var Lilju Þorgeirsdóttur þakkað fyrir störf í þágu félagsins en hún mun láta af störfum sökum aldurs í sumar. Þá var Sigurbjörg Erla Egilsdóttir boðin velkomin sem nýr framkvæmdastjóri. Að lokum voru næstu verkefni félagsins kynnt, þar á meðal undirbúningur fyrir samningaviðræður 2028, samstarf við BHM, vinna Greiningarsjóðsins, möguleg sameining akademíks starfsfólks, samtal við samfélagið og stjórnvöld, samtal við félagsfólk og áframhaldandi vinna að bættum aðstæðum og kjörum prófessora.

Umræður

Umræður urðu um ofgreiðslumál Fjársýslu ríkisins, skort á skýringum og mögulegar leiðir félagsins til að fylgja málinu eftir. Einnig var rætt um sameiningu akademíks starfsfólks í eitt félag, lagaleg álitæfni, félagafrelsi og mikilvægi þess að akademískt starfsfólk standi saman fyrir komandi kjarasamningaviðræður. Þá var rætt um versnandi starfsaðstæður, kennsluálag, ólíkt mat á kennslu milli eininga og áhrif niðurlagningar Sáttmálasjóðs á Starfsþróunarsjóð prófessora.

Afgreiðsla

Ársskýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

3. Lagður fram ársreikningur 2025

Fundarstjóri gaf Eyju Margréti Jóhönnu Brynjarsdóttur orðið til að kynna ársreikning félagsins fyrir árið 2025.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam afgangur af rekstri félagsins 14,7 m.kr. árið 2025, samanborið við 8,1 m.kr. halla árið 2024. Halli var á Starfsþróunarsjóði prófessora sem nam 4,6 m.kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok rekstrarárs nam 56,6 m.kr. og eigið fé Starfsþróunarsjóðs prófessora nam 83,8 m.kr. Ársverk hjá félaginu voru 0,8 á árinu 2025, samanborið við 0,9 árið 2024.

Launagreiðslur félagsins námu um 12,4 m.kr. á rekstrarárinu og þóknun fyrir stjórnarsetu nam 9,2 m.kr. Fram kom að ársreikningurinn hefði verið staðfestur af stjórn félagsins. Óháður endurskoðandi kannaði ársreikninginn og kom ekkert fram við könnunina sem benti til annars en að hann gæfi glögga mynd af afkomu félagsins, Kjaradeilusjóðs og Starfsþróunarsjóðs á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög

um ársreikninga. Skoðunarmenn félagsins höfðu einnig skoðað ársreikninginn og lögðu til að hann yrði samþykktur.

Þá var rætt að áframhaldandi hallarekstur Starfsþróunarsjóðs gæti orðið áhyggjuefni til lengri tíma, einkum í ljósi aukins álags eftir niðurlagningu Sáttmálasjóðs.

Umræður

Í umræðum var m.a. rætt um stöðu Starfsþróunarsjóðs prófessora, áhrif niðurlagningar Sáttmálasjóðs og að ef þróunin héldi áfram gæti þurft að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins til að tryggja sjálfbærni hans. Fram kom að mikilvægt væri að háskólinn tryggði sambærilegan fjárhagslegan stuðning og áður þannig að ekki yrði um skerðingu að ræða.

Afgreiðsla

Ársreikningur 2025 var samþykktur samhljóða.

4. Tillögur um lagabreytingar

Fundarstjóri upplýsti að engar tillögur um lagabreytingar lögju fyrir aðalfundinum.

5. Ákvörðun félagsgjalds og framlag í Kjaradeilusjóð

Fundarstjóri kynnti tillögu stjórnar um að félagsgjald yrði óbreytt, eða 0,9% af launum félagsfólks. Fram kom að félagsgjaldið væri það sama og árið 2025 og hefði verið samþykkt á aðalfundi 2024, en áður hefði það verið 0,8%.

Afgreiðsla félagsgjalds

Tillagan um óbreytt félagsgjald, 0,9% af launum félagsfólks, var samþykkt samhljóða.

Þá kynnti fundarstjóri tillögu stjórnar um að framlag í Kjaradeilusjóð yrði áfram óbreytt, eða 0,1% af launum félagsfólks, í samræmi við þá hækkun á félagsgjöldum sem samþykkt var á aðalfundi 2024. Tillagan hafði verið send með fundargögnum 6. maí og var samþykkt af stjórn FPR 18. mars 2026.

Afgreiðsla framlags í Kjaradeilusjóð

Tillagan um óbreytt framlag í Kjaradeilusjóð, 0,1% af launum félagsfólks, var samþykkt samhljóða.

6. Niðurstöður stjórnarkjörs kynntar

Fundarstjóri gaf Lilju Þorgeirsdóttur orðið til að kynna niðurstöður stjórnarkjörs.

Fram kom að kjörnefnd félagsins skipuðu Engilbert Sigurðsson, Ingibjörg Svala Jónsdóttir og Steinunn Hrafnadóttir. Í fundarboði 4. mars hafði verið tilkynnt um framboðsfrest til 1. apríl og

minnt á frestinn 24. mars. Jafnmörg framboð bárust og sæti voru laus og voru allir frambjóðendur því sjálfkjörnir.

Í sæti meðstjórnenda til tveggja ára, 2026–2028 voru kjörin:

- Kári Kristinsson, Félagsvísindasvið HÍ
- Ingibjörg Ágústsdóttir, Hugvísindasvið HÍ
- Oddur Þór Vilhelmsson, Auðlindadeild HA
- Rannveig Björk Þorkelsdóttir, Menntavísindasvið HÍ

Í sæti meðstjórnanda til eins árs, 2026–2027 var kjörin:

- Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, Heilbrigðisvísindasvið HÍ

7. Kosin kjörnefnd

Fundarstjóri gaf Lilju Þorgeirsdóttur orðið til að kynna framboð í kjörnefnd.

Eftirfarandi gáfu kost á sér í kjörnefnd til þriggja ára, 2026–2029:

- Steinunn Hrafnadóttir, Félagsvísindasvið HÍ
- Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir, Hugvísindasvið HÍ
- Grétar Þór Eyþórsson, Viðskiptadeild HA

Engin mótframboð bárust.

Afgreiðsla

Frambjóðendur voru sjálfkjörnir í kjörnefnd til þriggja ára, 2026–2029.

8. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga

Fundarstjóri gaf Lilju Þorgeirsdóttur orðið til að kynna framboð í sæti skoðunarmanna reikninga.

Tvö framboð bárust í sæti skoðunarmanna reikninga til eins árs, 2026–2027:

- Gísli Már Gíslason, prófessor emeritus
- Þórólfur Matthíasson, prófessor emeritus

Fundarstjóri spurði hvort fleiri vildu bjóða sig fram. Engin mótframboð bárust.

Afgreiðsla

Gísli Már Gíslason og Þórólfur Matthíasson voru sjálfkjörnir skoðunarmenn reikninga til eins árs, 2026–2027.

9. Önnur mál

Tvö mál lágu fyrir undir liðnum önnur mál: annars vegar niðurstöður Greiningarsjóðs háskólafélaganna um kjör fólks með doktorsgráðu og hins vegar vinna starfshóps FPR um reglur Ritlauna- og rannsóknarsjóðs prófessora.

9.1 Niðurstöður Greiningarsjóðs háskólafélaganna um kjör fólks með doktorsgráðu

Kári Kristinsson kynnti niðurstöður Greiningarsjóðs háskólafélaganna um kjör fólks með doktorsgráðu. Greiningin var unnin af Halldóri Valgeirssyni, sérfræðingi hjá Greiningarsjóði háskólafélaganna.

Í kynningunni var farið yfir nýlegar greiningar sjóðsins, fjöldataölur doktorsmenntaðra í samanburði við önnur OECD lönd, kjör fólks með doktorsgráðu samanborið við fólk með meistarágráðu, þróun kjara og fjölda kvenna, stöðu háskólamenntaðra gagnvart láglaunaviðmiðum og næstu greiningar sjóðsins.

Fram kom að hlutfall Íslendinga á aldrinum 25–65 ára með doktorspróf væri 1,22%, sem er lítillega yfir OECD-meðaltalinu, 1,19%. Þá var farið yfir þróun fjölda doktorsmenntaðra á Íslandi frá 1990 til 2023. Árið 2023 voru doktorsmenntaðir alls 2.404, þar af 1.349 karlar og 1.055 konur. Hlutfall kvenna meðal doktorsmenntaðra hafði aukist verulega á tímabilinu, úr 12% árið 1990 í 44% árið 2023.

Fjallað var um þróun atvinnutekna doktorsmenntaðra í samanburði við launavísitölu. Fram kom að frá árinu 2013 hefðu atvinnutekjur doktorsmenntaðra dregist aftur úr almennri launaþróun. Kynntur var samanburður á atvinnutekjum fólks með doktorsgráðu og fólks með meistarágráðu. Árið 2013 voru atvinnutekjur doktorsmenntaðra 30,6% hærri en þeirra sem höfðu meistarágráðu, en árið 2023 var munurinn kominn niður í 19,7%.

Í kynningunni var einnig sýnt hvernig atvinnutekjur doktorsmenntaðra hefðu litið út árið 2023 ef þær hefðu fylgt launavísitölu frá fyrri árum. Sem dæmi var nefnt að ef atvinnutekjur doktorsmenntaðra hefðu haldist í sömu stöðu gagnvart launavísitölu og árið 2002, hefðu þær numið rúmlega 2,0 m.kr. á mánuði árið 2023, í stað um 1,18 m.kr. samkvæmt raunverulegum meðalatvinnutekjum.

Í umræðum var m.a. rætt um samanburð við laun framhaldsskólakennara, launakjör lektora, dósentna og prófessora, áhrif menntunar á ævitekjur, launasamsetningu og mögulega innbyggða mismunun í launakerfi, m.a. vegna áhrifa fæðingarorlofs og ólíkra birtingarhefða milli fræðasviða.

Að lokum var farið yfir fyrirhugaðar næstu greiningar Greiningarsjóðsins, m.a. nánari samanburð við framhaldsskólakennara, samanburð á kjörum akademískra starfsmanna og annarra hópa, samanburð við aðra doktora en fræðafólk og áframhaldandi vinnu með launatöflur og launasamsetningu prófessora og annars fræðafólks.

9.2 Vinna starfshóps FPR um reglur Ritlauna- og rannsóknarsjóðs prófessora

Rúnar Vilhjálmsson, sem situr í starfshópi FPR um reglur Ritlauna- og rannsóknarsjóðs prófessora, kynnti vinnu starfshópsins í fjarveru Guðnýjar Bjarkar Eydal, formanns hópsins.

Fjallað var um þau verkefni sem tengjast sjóðnum og vinnu starfshópsins, þar á meðal fyrirhugaða meginlega könnun á sjóðnum, eigindlega rannsókn, lagaálit um hver geti breytt reglum sjóðsins og greiningu á því hvaða áhrif möguleg sameining akademíks starfsfólks gæti haft á reglur sjóðsins og framtíðarfyrirkomulag hans.

Fram kom að hópurinn hefði haldið nokkra fundi og unnið að viðtölum við starfsfólk á ólíkum starfsstigum. Í framhaldinu yrðu niðurstöður viðtala afhentar utanaðkomandi aðila til greiningar. Fram kom að fjölbreyttar athugasemdir hefðu komið fram um sjóðinn og starfsaðstæður og að mikilvægt væri að úrvinnslan endurspeglaði þá breidd. Gert var ráð fyrir að gögn yrðu greind og kynnt félagsfólki haustið 2026 og að stjórn myndi í kjölfarið vinna tillögur.

10. Þakkir og fundarslit

Í lok fundar voru þeim sem létu af störfum fyrir félagið þökkuð störf. Sérstaklega var Eyju Margréti Jóhönnu Brynjarsdóttur og Hermínu Gunnþórsdóttur þakkað fyrir störf sín í stjórn félagsins á liðnu tímabili. Þá var Rögnu Benediktu Garðarsdóttur þakkað fyrir störf sín en hún hætti í stjórn í upphafi stjórnartímabilsins þegar hún varð aðstoðarrektr. Engilberti Sigurðssyni og Ingibjörgu Svölu Jónsdóttur var jafnframt þakkað fyrir störf sín í kjörnefnd.

Ný stjórn var boðin velkomin til starfa.

Fundarstjóri gaf formanni orðið og sleit formaður fundi kl. 15.46.

Fundarritari: Sigurbjörg Erla Egilsdóttir

Fundarstjóri: Þórarinn Guðjónsson